

Nr. 41.
10.
nóvbr.

15. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út leyfisbrjef um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1. jan. 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 42.
10.
nóvbr.

L ö g

um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum likum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, sem hjer fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

»Mannskaði« er það, ef maður deyr voveiflega.

»Voveiflegur dauðdagi« er bráður bani, er hlýst af einhverri annari orsök en undanförunum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

»Á landi« er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

»Á sjó« er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi, eða drukna af skipi á sjó.

»Skip« merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

»Skipstjóri« er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

»Löggæslumaður« er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

»Sveit« merkir kaupstað eða hrepp.

2. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæslumaður. Í hverjum þeim hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæslumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæslumenn.

3. gr.

Ef maður deyr voveiflega á landi í annara manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn ljest, eða í

þeirri fyrstu sveit, er þeir koma í, ef mannskaðinn varð í óbygðum. Bera þeir hver um sig ábyrgð á, að till kynningin sje tafarlaust gerð.

Nr. 42.
10.
nóvbr.

Ef lík finst, þá skal sá, er finnur, tilkynna næsta löggæslumanni líkfundinn.

Ef maður hverfur og er talinn af, en líkið finst ekki, þá skal húsráðandi á því heimili, er maðurinn hafði síðast næturvist, tilkynna löggæslumanni hvarfið jafnskjótt sem líkur eru til, að maðurinn hafi farist.

4. gr.

Ef mannskaði verður á sjó, þá skal skipstjóri, ef hann er á lífi, en ella sá, er í hans stað gengur, tilkynna mannskaðann löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem þeir komu fyrst að landi.

Ef skip ferst og kemst enginn af, þá skal sá löggæslumaður, sem skráð hafði skipverja til váttryggingar, taka mannskaðann til rannsóknar. Nú voru skipverjar ekki váttrygðir, og heyrir þá rannsóknin undir löggæslumann í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

Þessi ákvæði koma ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.

5. gr.

Hver og einn, er fær vitneskju um, að maður hafi dáið voveiflega eða lík fundist, og honum er kunnugt um að löggæslumanni hafi ekki verið tilkynnt, skal skyldur að gera næsta löggæslumanni aðvart.

Ef lækni er beðinn um dánarvottorð, og finnur hann sönnur eða líkur fyrir því, að dauðdaginn hafi verið voveiflegur, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki skýrt frá því, þá skal hann synja dánarvottorðs að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart.

Ef prestur er beðinn að jarða lík, og veit hann eða grunar, að maðurinn muni hafa dáið voveiflega, eða líkið hefir fundist, en löggæslumanni ekki verið tilkynnt, þá skal hann neita að jarðsyngja að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart; má prestur aldrei jarðsyngja fundið lík, eða lík manns, er dáið hefir voveiflega, fyr en honum er afhentur úrskurður löggæslumanns, er heimilar greftrun, og dánarvottorð frá löggiltum lækni.

6. gr.

Lík, sem löggæslumanni ber að skoða, má ekki flytja úr þeirri sveit, þar sem líkið fanst eða var fyrst til bæja flutt, fyr en löggæslumaður veitir skriflegt leyfi til þess.

7. gr.

Ef löggæslumanni er tilkynnt, eða honum færðar líkur fyrir því, að einhver hafi dáið voveiflega, eða lík hefir fundist, sbr. 3. gr., þá skal hann rannsaka, svo fljótt, sem verða má, hvernig dauðann hefir borið að höndum. Hann skal grenslast eftir því, hverjir hafi síðast sjeð hinn látna á lífi, eða verið viðstaddir, þegar hann ljet lífið, eða fundið líkið; skal hann þegar spyrja þá af þessum mönnum, sem til næst í svipinn, hvað þeir viti um hinn látna mann og dauðdaga hans.

Löggæslumaður skal ráða því, hvar líkið er geymt, og hvernig um það búið. Hann skal kveðja lækni með sjer, og skulu þeir báðir í senn skoða líkið, og lækni þvi næst kryfja það, ef þörf gerist. Löggæslumaður ræður því, hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa, ef nokkur minsti vafi getur leikið á því, hvað manningum hafi orðið að bana.

Hjeradsþæknar skulu hafa á hendi rjettarlæknisskoðanir á líkum, og að jafnaði sá, sem skemst er til. Ef ekki næst til neins þeirra með hægu móti, má löggæslumaður heimta til þessa starfa hvern þann löggiltan lækni, sem vól er á.

Nr. 42. Þegar líkrannsókn er lokið, skal lækni, gefa út dánarvottorð, en löggæslumaður
10. nóvbr. leyfi til að jarða líkið.

8. gr.

Hver löggæslumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sjerstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæslumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

11. gr.

Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um rjettarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sjerstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

13. gr.

Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 43.

10.
nóvbr.

Landskiftalög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota, svo sannað verði, eða viðurkend merki eru til um. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðarparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.